

Alþingi
Erindi nr. P 131/770
komudagur 31.1.2005

**Efni: Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.
(131.löggj.þing 2004-2005, Þskj.322-295.mál) Fundur í umhverfisvernd
6.desember 2004.**

**Samantekt fulltrúa Grímsnes-og Grafningshrepps og Bláskógabyggðar
sem voru gestir fundarins.**

Gestir fundarins: Gunnar Þorgeirsson oddviti Grímsnes-og Grafningshrepps,
Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri Grímsnes-og Grafningshrepps, Sveinn
A.Sæland oddviti Bláskógabyggðar og Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu.

Á fundi með fulltrúum sveitarstjórna Bláskógabyggðar og Grímsnes-og
Grafningshrepps þann 23.janúar síðastliðinn kynnti Siv Friðleifsdóttir þáverandi
umhverfisráðherra drög að frumvarpi um verndun vatnasviðs Þingvallavatns því sem
liggur nú fyrir alþingi. Á þeim fundi fóru fram opinskáar umræður þar sem að
frumvarpið sjálf og ýmis ákvæði þess voru gagnrýnd. Meðal þeirra ákvæða sem
gagnrýnd voru voru mörk þess svæðis sem lagasetningi skildi ná til en í
frumvarpsdrögunum náðu þau langt út fyrir vatnasvið Þingvallavatns, sérstaklega á
Laugardals- og Biskupstungnafrétti. Eins var það ákvæði gagnrýnt að Þingvallanefnd
skildi vera samráðsaðili umhverfisráðuneytisins auk sveitarstjórna á svæðinu við
setningu reglna um framkvæmd vatnsverndarinnar og að lögin næðu ekki til
Þjóðgarðsins.

Fyrir sveitarstjórnarfundum í fyrstu viku apríl lágu fyrir drög að frumvarpi sem hafði
tekið nokkrum breytingum sem gengu til móts við athugasemdir sveitarstjórna.

Á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 6.apríl voru frumvarpsdrögin lögð fram
til kynningar og eftirfarandi bókað:

Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

*Þann 23. janúar s.l. kynnti umhverfisráðherra sveitarstjórn Bláskógabyggðar
tillögu til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.*

*Á þeim fundi kom fram gagnrýni sveitarstjórnar vegna tillögunnar og bent á
að ekki væri nauðsyn á umræddum lögum enda tæki aðalskipulag
Þingvallasveitar og Laugardals á vatnsvernd fyrir Þingvallavatn og vatnasvið
þess. Einnig gerði sveitarstjórn ýmsar athugasemdir við tillöguna. Bent var á
að vatnsverndarsvæðið í lagafrumvarpinu væri viðfeðmara en það er
landfræðilega og voru gerðar lagfæringar á því samkvæmt tillögu sem
sveitarstjórn fékk í hendur 5. apríl 2004.*

*Sveitarstjórn mótmælir því harðlega að Þjóðgarðurinn á Þingvöllum sé ekki
hluti af vatnasvæðinu í vatnsverndarfrumvarpinu.*

*Sveitarstjórn Bláskógabyggðar áréttar skoðun sína, sem fram kom á fundi með
Umhverfisráðherra, að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp til laga um
vatnsvernd fyrir Ísland í heild, en láti það vera að leggja fram sérstakt
frumvarp til laga um vatnsvernd Þingvallavatns. Almenn lög um vatnsvernd á
Íslandi hljóta að vera fullnægjandi til að vernda Þingvallavatn.*

*Sveitarstjórn Bláskógabyggðar minnir á að samkvæmt lögum um sveitarfélög
og stjórn þeirra þá er Þingvallavatn, vatnasvið þess og verndun, á ábyrgð
sveitarfélagsins. Verið er að vinna aðalskipulag fyrir Þingvallasveit og mun
því ljúka á þessu ári. Í aðalskipuvinnunni eru fram komnar metnaðarfullar*

tillögur sem ná yfir vatnsverndarsvæði frumvarpsins. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar mótmælir því að valdsvið hennar sé skert, með lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Á fundi hreppsnefndar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 7.apríl voru frumvarpsdrögin lögð fram til kynningar og eftirfarandi bókað:

Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess

Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess dags. 6. apríl 2004.

Sveitarstjórn mótmælir því harðlega að lagt skuli fram sérstakt frumvarp um verndun vatnasviðs Þingvallavatns og leggur til að lagt verði fram frumvarp til laga um vatnsvernd á Íslandi í heild sem taki einnig yfir vatnasvæði Þingvallavatns.

Jafnframt lýsir sveitarstjórn yfir furðu sinni á því að verið sé að taka ákvörðunarrétt af sveitarstjórnnum með vatnsverndarlögum við Þingvallavatn nú þegar það er yfirlýst stefna ríkis að efla sveitarstjórnarstigið.

Í frumvarpinu er gert ráð að Þingvallanefnd beri ábyrgð á vatnsvernd innan þjóðgarðs en sveitarstjórnnum er ekki treyst til að fara með málefni vatnsverndar samkvæmt frumvarpinu.

Sveitarstjórn lýsir furðu sinni á því að ekki skuli leitað eftir formlegu samráði og umsögnum landeigenda og sveitarstjórna á svæðinu.

Samkvæmt Skipulags-og byggingarlögum nr.73/1997 og skipulagsreglugerð 400/1998 annast sveitarstjórnir gerð aðalskipulags og bera ábyrgð á því. Í reglugerð er kveðið á um landnýtingarflokka sem meðal annars eru ; svæði fyrir efnistöku, frístundabyggð, landbúnað, veitur, náttúruvernd, hverfisvernd og verndarsvæði vegna grunnvatns-og strandmengunar í ám og vötnum. Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélagana ná því til þeirra þátta sem máli skipta þegar vernd vatnasviðs Þingvallavatns sem eru innan marka umræddra sveitarfélaga er annars vegar.

Aðalskipulag- Grímsnes-og Grafningshrepps 2002-2014 var staðfest í september 2002.

Aðalskipulag Þingvallasveitar 2004-2014 er í vinnslu. Sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulaginu sem hefur verið í lögbundinni athugun hjá Skipulagsstofnun sem hefur nú gert athugasemdir sem verið er að vinna úr. Vonir standa til að hægt verði að auglýsa tillöguna upp úr áramótum.

Meðfylgjandi eru úrdrættir úr aðalskipulagi Grímsnes-og Grafningshrepps 2002-2014 og tillögu að aðalskipulagi Þingvallasveitar 2004-2016.

Reykjavík 6.desember 2004

Gunnar Þorgeirsson
oddviti hreppsnefndar Grímsnes-og Grafningshrepps

Sveinn Sæland
oddviti sveitarstjórnar Bláskógabyggðar

ÚR AÐALSKIPULAGI GRÍMSNES-OG GRAFNINGSHREPPS 2002 – 2014 STEFNUMÖRKUN OG SKIPULAG

Tekið saman vegna fundar fulltrúa Grímsnes-og Grafningshrepps með umhverfisnefnd Alþingis þann 6. desember 2004 í tengslum við frumvarp um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Framtíðarsýn (bls 14)

Almenn markmið (bls 15)

Kafli 11, Óbyggð svæði ár og vötn, stefna (bls.44)

Kafli 12, Náttúruverndarsvæði, stefna (bls.48)

Kafli 14, Verndarsvæði vegna grunnvatns-og strandmengunar í ám og vötnum. (bls.54)

Kafli 15, Hverfisverndarsvæði (bls.56-57)

Framtíðarsýn:

Við gerð aðalskipulagsins er mikilvægt að skapa grundvöll að almennri umræðu um framtíð sveitarinnar. Nauðsynlegt er að greina þá vaxtarmöguleika sem byggðin hefur og setja fram á skilmerkilegan hátt. Vaxtarmöguleikar byggðar í Grímsnesi og Grafningi felist einkum í eftirfarandi:

- A. **Landbúnaður og nýting staðbundinna auðlinda:** Veðursæld, ósnortin vistkerfi, frjósamur jarðvegur og jarðhiti bjóða upp á ýmsa möguleika til eflingar landbúnaðar á svæðinu, m.a. með nytjaskógrækt og vistvænum framleiðsluaðferðum.
- B. **Nýting jarðhitans, orkuvinnsla og iðnaður:** Áframhaldandi nýtingu náttúruauðlinda til orkuöflunar, einkum jarðhitans á Nesjavöllum. Á Hengilsvæðinu og við Þingvallavatn verður að gæta ítrustu varkárni við orkuöflun og vinnslu til að raska ekki lífríki svæðisins. Orkuvinnslan og nýting jarðhitans skapa sóknarfæri í uppbyggingu iðnaðar sem grundvallast á þessum staðbundnu auðlindum.
- C. **Bættum samgöngum.** Bættar samgöngur við nágrannabyggðarlögin og höfuðborgarsvæðið auka ennfrekar aðdráttarafl svæðisins sem orlofsdvalarsvæði og bæta skilyrði til búsetu í Grímsnesi og Grafningi. Styrking innra samgöngukerfisins og bættar samgöngur við nærliggjandi sveitir tryggja ennfrekar grundvöll byggðarinnar.
- D. **Sumarhúsabyggð og þjónustu við ferðamenn.** Með aukinni umferð ferðamanna og aukinni sumarhúsabyggð þarf að byggja svæðið markvisst upp sem alhliða ferðaþjónustusvæði. Kynna þarf markvisst helstu náttúruperlur og menningarminjar og auka aðgengi að þeim, skapa fleiri möguleika til afþreyingar innan sveitarinnar (t.d. með nýtingu jarðhitans) og byggja jafnframt upp öfluga og fjölbreytta veitinga- og gistipjónustu.
- E. **Verndun sérkenna svæðisins.** Auðlindir Grímsnes og Grafnings felast ekki síst í einstökum náttúruperlum, menningarminjum og fjölbreyttu landslagi. Þessar auðlindir þarf að vernda jafnhliða því sem þær eru kynntar og gerðar aðgengilegar ferðamönnum.
- F. **Að skapa ákjósanleg skilyrði til búsetu.** Framboð íbúðarlóða í fögru og friðsælu umhverfi, þar sem í boði er góð samfélagsleg þjónusta, getur stuðlað að íbúafjölgun. Það getur gerst án þess að atvinnutækifærum fjölgi tiltakanlega innan sveitarinnar því Grímsnes og Grafningur eru hluti af sístækkandi atvinnusvæði suðvesturhorns landsins.

Almenn markmið:

- 1) Að íbúum Grímsnes - og Grafningsshrepps verði tryggð góð lífsskilyrði
- 2) Að íbúafjölgun verði stöðug allt skipulagstímabilið
- 3) Að í sveitarfélaginu haldist a.m.k. svipað atvinnustig og var á tímabilinu 1988-1997, þ.e. að atvinnutækifærum fjölgi í samræmi við íbúafjölgun. Ef íbúafjölgun verður 1,5% á ári á skipulagstímabilinu þyrftu að öðru jöfnu að bætast við um 4 ný atvinnutækifæri á ári
- 4) Að tryggt verði fjölbreytt framboð íbúðarlóða í ákjósanlegu umhverfi, sem er í góðum tengslum við helstu þjónustustofnanir sveitarfélagsins
- 5) Að sköpuð verði vaxtarskilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s., ferðaþjónustu, fiskeldi, iðnað, handverk og lítil fyrirtæki, t.d. á sviði sérfræðiþjónustu, upplýsingaiðnaðar eða heimilisiðnaðar. Uppbygging atvinnufyrirtækja fer einkum fram á skilgreindum þéttbýlisstöðum en fiskeldi, ferðaþjónusta og fleira tengt hefðbundum búrekstri er leyfileg á landbúnaðarsvæðum
- 6) Að stuðlað verði að frekari framgangi orkuvinnslu
- 7) Að stuðlað verði að nýsköpun í landbúnaði, með vistvænni ræktun og/eða nytjaskógrækt
- 8) Að unnið verði að umbótum á samgöngukerfi sveitarfélagsins og tengsl þess við nágrannabyggðarlögin styrkt
- 9) Að unnið verði markvisst að uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu í samvinnu við ferðaþjónustuaðila
- 10) Að markvisst verði unnið að því að auka afþreyingarmöguleika ferðafólks og orlofsdvalargesta á svæðinu
- 11) Að helstu náttúru- og menningarminjar í sveitarfélaginu verði markvisst kynntar og fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta
- 12) Að uppbygging sumarhúsasvæði fari fram í sátt við verndun helstu náttúru- og menningarminja
- 13) Að ræktun nytjaskóga haldist í hendur við uppbyggingu svæðisins sem orlofsdvalarstaður og verndun náttúruauðlinda á svæðinu
- 14) Að Borg verði höfuðstaður sveitarfélagsins og helsti þéttbýlisstaður. Almenn uppbygging íbúðar- og atvinnusvæða verði að mestu bundin við Borg.
- 15) Að Sólheimar þróist frekar sem sérhæft stofnanasvæði og íbúðar- og atvinnuuppbygging þar verði að mestu bundin við þá starfsemi
- 16) Að við Ýrufoss/Ljósafoss verði uppbygging fyrst og fremst bundin við raforkuverin, grunnskólann og ferðaþjónustu
- 17) Að í Ásgarði byggist upp sjálfstætt íbúðarhverfi í fögru og friðsælu umhverfi
- 18) Að á Nesjavöllum verði byggð upp frekari orkuvinnsla ásamt ferðaþjónustu, sbr. landnýtingaráætlun landeigenda.
- 19) Að við Úlfjótuvatn og Ölfusvatn (sá hluti sem er í eigu Reykjavíkurborgar) verði uppbygging í samræmi við landnýtingaráætlanir landeigenda.

Stefna:

Í aðalskipulagi Grímsness og Grafnings er eftirfarandi svæði skilgreind sem óbyggð (sjá skipulagsuppdrátt):

- 1) Grímsnesafréttur, nema annað sé tilgreint
- 2) Uppland jarðanna Nesjavalla, Ölfusvatns (þess hluta sem er í eigu Reykjavíkurborgar) og Úlfjótsvatns, sjá nánar landnýtingaráætlun landeigenda (*Landnýtingaráætlun, Júní 1997*).
- 3) Ósnortið hraun í landi Öndverðarness II, sjá 15. kafla um hverfisvernd.

Engin svæði í Grímsnesi og Grafningi eru afmörkuð sem landgræðslusvæði eða undir umsjón Landgræðslu ríkisins.

Um fjarlægð bygginga frá vatnsbakka gildir almennt 50 m reglan (sbr. skipulagsreglugerð) og á hún einnig við á svæðum sem eru á náttúruminjasrá (sjá 12. kafla). Undantekning frá þessari reglu er við Þingvallavatn þar sem fjarlægð bygginga frá vatninu skal vera að öðru jöfnu 100 m hið minnsta.

Stefna:

1. Almennt verði stuðlað að verndun helstu náttúrufyrirbæra í sveitarfélaginu en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta.
2. Ekki er stefnt að friðlýsingu svæða á náttúruminjaskrá, samkvæmt lögum um náttúruvernd (sbr. 50.gr.), í aðalskipulaginu en lagt til að valin svæði og náttúrufyrirbæri falli undir hverfisvernd (sjá 15. kafla Hverfisverndarsvæði).
3. Ekki er litið á svæði á náttúruminjaskrá sem verndarsvæði í heild sinni en á þeim svæðum verði farið varlegar í framkvæmdir og leitað umsagnar Náttúruverndar ef hættu er á röskun náttúruminja við framkvæmdir sbr. 38 gr. náttúruverndarlaga
4. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að á skilgreindum náttúruminjasvæðum meðfram Brúará verði leyfilegt, líkt og meðfram öðrum vatnsföllum (sbr. gr. 4.15.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998), að byggja mannvirki í allt 50 m fjarlægð frá Brúará og þá í samræmi við landnotkun aðalskipulagsins, en leitað verði umsagnar til Náttúruverndar ef um er að ræða framkvæmdir sem geta raskað náttúruminum, eins og lögin kveða á um (38.gr.)
5. Gerð verði grein fyrir einstökum náttúruminum sem teljast til jarðmyndana og vistkerfa skv. 37 gr. náttúruverndarlaga, og ekki er gerð grein fyrir í aðalskipulaginu, í deiliskipulagi viðkomandi svæðis þar sem framkvæmd er fyrirhuguð. Leita verður umsagnar til Náttúruverndar ríkisins ef um er að ræða framkvæmdir sem geta raskað jarðmyndunum og vistkerfum skv. umræddri grein náttúruverndarlaga, eins og lögin kveða á um.

Afmörkun vatnsverndarsvæða:

Eftirtalin svæði falla undir vatnsvernd:

- 1) Á aðalskipulagsuppdraetti hafa verið afmörkuð þrjú stig vatnsverndarsvæða umhverfis neðangreind vatnsból; (i) brunnsvæði, (ii) grannsvæði og (iii) fjarsvæði sem teygir sig að vatnaskilum, sbr. ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 319/1995:
 - a) Vatnsverndarsvæði upp af vatnsbóli í landi Bjarkar, norðan Borgar.
 - b) Vatnsból í landi Stærri Bæjar.
 - c) Vatnsból í landi Hallkelshóla.
 - d) Vatnsból í landi Neðra-Apavatns.
 - e) Vatnsból í landi Króks.
 - f) Vatnsból í landi Búrfells.
 - g) Vatnsból í landi Brúarholts.
 - h) Vatnsból í landi Svínavatns.
- 2) Vatnsvernd á afrétti, norður fyrir Þórisjökul og upp Langjökul. Svæðið allt er skilgreint með sömu kvöðum og fjarsvæði, sbr. reglugerð um neysluvatn nr. 319/1995. Vatnsvernd á afréttinum fyrirbyggir ekki skálabyggingar á svæðinu, sjá 7. kafla.
- 3) Vatnsvernd á Ingólfsfjalli. Svæðið allt er skilgreint með sömu kvöðum og fjarsvæði, sbr. reglugerð um neysluvatn nr. 319/1995.
- 4) Vatnsból í landi Nesjavalla og Úlfjótsvatns ásamt vatnsverndarsvæði og vatnsból í landi Ölfusvatns, sbr. *Landnýtingaráætlun* landeigenda frá 1997.
- 5) “Vatnsrík svæði án teljandi mengunarhættu”, afmörkuð í svæðisskipulagi fyrir Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015, samkvæmt athugunum Freysteins Sigurðssonar jarðfræðings. Þar gilda sömu reglur og á fjarsvæðum, sbr. reglugerð um neysluvatn nr. 319/1995.

Stefna:

Eftirtalin svæði eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulaginu:

- 1) Kerið í Grímsnesi (H1), Kerhóll í Grímsnesi (H2) og ósnortið hraun í Öndverðarnesi II (H3) verði vernduð sem einstakar landslagsgerðir og náttúrufyrirbæri. Öll mannvirkjagerð og jarðrask er með öllu bannað í grennd við náttúruminjarnar.
- 2) Hengilsvæðið (H4). Vegna vaxandi vinsælda sem almennt útvistarsvæði verði settar almennar umgengnisreglur á svæðinu, sbr. samþykkt hreppsnefndar Grafningshrepps frá 23.10 1992. Bygging skáia er bönnuð, vegagerð og umferð vélknúinna farartækja verði takmörkuð, lausaganga hrossa bönnuð og meðferð skotvopna.
- 3) Verndarsvæði á Nesjavöllum (H5-H11) samkvæmt *Landnýtingaráætlun* landeigenda frá 1997. Um eftirtalin svæði eru að ræða: H5) Dyradalur, Sporhelludalur og Skeggjadalur; H6) Gígaröðin Fálkaklettur-Selklettur; H7) Botnadalur, Illagil og Krummar; H8) Skógarhóll, Eldborg og Grámelur; H9) Rauðstrýta og umhverfi; H10) Gíghólar austan Hveralækjar; H11) Nesjalaugargil og Köldulaugargil.¹²
Jarðrask á ofangreindum svæðum er með öllu óheimilt og einvörðungu verður leyfð takmörkuð mannvirkjagerð sem tengist útvist á svæðunum.
- 4) Verndarsvæði á Ölfusvatni (H12-H17) samkvæmt *Landnýtingaráætlun* landeigenda frá 1997. Um eftirtalin svæði eru að ræða: H12) Kýrgil, Ölkelduháls og Tjarnarhólar. “Ef til orkuvinnslu kemur á svæðinu þarf að vanda sérstaklega til allrar mannvirkjagerðar”; H13) Laki, Álftatjörn og Efri-Kattartjörn; H14) Ölfusvatnsárgljúfur, vestan Stapafells, ásamt bökkum; H15) Gamla bæjarstæði Ölfusvatns ásamt nánasta umhverfi; H16) Ölfusvatnsá og Villingavatnsá ásamt aðliggjandi votlendi og strönd Þingvallavatns; H17) Lambhagi.¹³
Jarðrask á ofangreindum svæðum er með öllu óheimilt og einvörðungu verður leyfð takmörkuð mannvirkjagerð sem tengist útvist á svæðunum. Hér er undanskilið hugsanlegt orkuvinnslusvæði á Ölkelduhálsi. Ef kemur til orkuvinnslu á umræddu svæði á Ölkelduhálsi í landi Ölfusvatns verður unnið deiliskipulag fyrir svæðið þar sem lögð verður áhersla á vandaða mannvirkjagerð þar sem tekið er tillit til umhverfisins eins og framast er unnt.
- 5) Verndarsvæði á Úlfjótuvatni (H18-H22) samkvæmt *Landnýtingaráætlun* landeigenda frá 1997. Um eftirtalin svæði eru að ræða: H18) Selflatir; H19) Fossárgil ásamt Dælum; H20) Kermýri og strandsvæði við Sog; H21) Vesturströnd Úlfjótuvatns ásamt eyjum

¹² Sjá *Jarðir Reykjavíkur í Grafningi og Ölfusi. Landnýtingaráætlun 1997*, bls. 44-45.

¹³ Sjá *Jarðir Reykjavíkur í Grafningi og Ölfusi. Landnýtingaráætlun 1997*, bls.45.

og hólum; H22) Skinnhúfuhöfði og Sogsgljúfur.¹⁴ Jarðrask á ofangreindum svæðum er með öllu óheimilt og einvörðungu verður leyfð takmörkuð mannvirkjagerð sem tengist útivist á svæðunum.

- 6) Stóra-Björnsfell og hálendið norðan þess (H23) sem framhald af svæðinu norðan Skjaldbreiðar sem er á náttúruminjaskrá. Tilgangurinn með hverfisverndinni er m.a. að tengja náttúruminjasvæði umhverfis Skjaldbreið við Langjökul og miðhálendið og til að undirstrika stefnumörkun svæðisskipulags Miðhálandisins. Á svæðinu gilda sömu reglur og á fjarsvæðum sbr. reglugerð 796/1999 (sbr. 14. kafli). Miðla skal upplýsingum á vettvangi um menningarminjar í Þórisdal.

¹⁴ Sjá Jarðir Reykjavíkur í Grafningi og Ölfusi. Landnýtingaráætlun 1997, bls.46

ÚR TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI ÞINGVALLA- SVEITAR 2004-2016. STEFNUMÖRKUN OG SKIPULAG

(tillagan verður auglýst á næstu vikum)

Tekið saman vegna fundar fulltrúa Bláskógabyggðar með umhverfisnefnd Alþingis þann 6. desember 2004 í tengslum við frumvarp um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Megin markmið (bls.15)

Kafli 3.2 Verslunar og þjónustusvæði, stefna (bls.20)

Kafli 3.6. Landbúnaðarsvæði, stefna (bls 29-31)

Kafli 3.7. Svæði fyrir frístundabyggð, stefna (bls.35-38)

Kafli 3.10. Veitur, stefna (bls.56)

Kafli 3.11. Óbyggð svæði, ár og vötn stefna (bls.58)

Kafli 3.12. Náttúruverndarsvæði, stefna (bls.62-63)

Kafli 3.15. Hverfisverndarsvæði, stefna (bls.70-72)

2.3. **Megin markmið**

Hér að neðan eru sett fram meginmarkmið aðalskipulagsins, sem gengið var út frá við mótn stefnu í einstökum málflokkum og sem viðmið við mat á einstökum uppbyggingaráformum. Sum markmiðanna eru innbyrðis háð:

- **Vernda náttúrulega ásýnd svæðisins**
- **Vernda ríkjandi gróðurfar (frá náttúrunnar hendi)**
- **Vernda jarðmyndanir – einstæðar jarðsögulegar myndanir**
- **Vernda lífríki Þingvallavatns**
- **Viðhalda tærleika vatnsins**
- **Vernda vatnsauðlindir – verndun vatnasviðs**
- **Verndun annarra vistkerfa á svæðinu**
- **Vernda menningarminjar – halda sögunni á lofti**
- **Auka útivistargildi svæðisins – auka aðgengi almennings**
- **Skapa skilyrði til að taka á móti auknum ferðamannastraumi**
- **Tryggja áframhaldandi hefðbundna búsetu**
- **Draga úr áhrifum sumarhúsabyggðar á umhverfið**
- **Tryggja góðar samgöngur**
- **Samræmi við stefnumörkun Þingvallanefndar og ríkisvaldsins**
- **Samræmi við stefnumörkun sveitarstjórnar**

Stefna:

Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem svæði fyrir þjónustustofnanir (sjá skipulagsuppdrátt). Svæði Þ1 og Þ2 eru innan þjóðgarðs og vísast til stefnumörkunar 2004-2024 um hugmyndir um uppbyggingu á þeim. Frekari stefnumörkun, s.s. um nýtingarhlutfall, fyrir svæðin er ákveðin í deiliskipulagi. Almenn er þó gert ráð fyrir takmarkaðri uppbyggingu og lágu nýtingarhlutfalli.

Þ1: Þingvallakirkja og lóð hennar. Þingvallabærinn.

Þ2: Upplýsingamiðstöðin á Hakinu

Þ3: Neyðarskýli norðan línuvegjar, nyrst í Bláskógaheiði

Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði (sjá skipulagsuppdrátt). Svæðin eru innan þjóðgarðs og vísast til stefnumörkunar 2004-2024 um frekari hugmyndir um uppbyggingu á þeim. Frekari stefnumörkun, s.s. um nýtingarhlutfall, fyrir svæðin er ákveðin í deiliskipulagi. Almenn er þó gert ráð fyrir takmarkaðri uppbyggingu og lágu nýtingarhlutfalli:

V1: Þjónustumiðstöðin á Þingvöllum. Gert er ráð fyrir svigrúmi til frekari uppbyggingar þjónustu og stækkun starfsmannahúsa.

V2: Valhöll og lóðin umhverfis. Gert er ráð fyrir að þar verði áfram starfrækt veitinga- og gistipjónusta

V3: Svæði aðliggjandi upplýsingamiðstöðinni á Hakinu er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði og er gert ráð fyrir að þar geti byggst upp þjónusta við ferðamenn.

Almenn stefnuaatriði:

- 1) Bensín- og olíusala er óheimil á verslunar- og þjónustusvæðum sem og á öðrum svæðum í Þingvallasveit, sem eru innan vatnasviðs Þingvallavatns.
- 2) Takmörkuð veitinga- og gistipjónusta, minjagripaverslun, sala afurða og veiðileyfa er leyfileg á landbúnaðarsvæðum,¹⁴ ef um aukabúgrein er að ræða. Ef um umfangsmikla uppbyggingu ferðapjónusta er að ræða á bújörðum verður að skilgreina svæðið sem verslunar- og þjónustusvæði. Tilgreina þarf í deiliskipulagi umfang fyrirhugaðrar ferðapjónustu og eðli starfseminnar

¹⁴ Í Heiðarbæ, Skálabrekku, Kárastöðum, Mjóanesi og Miðfelli eru "markaðir" fyrir afurðir veiðanna og þar eru einnig seld veiðileyfi (nema í Mjóanesi).

Stefna

- 1) Heimlönd bújarða, utan þjóðgarðs, eru almennt skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Land jarðanna Kárastaða og Brúsastaða, sem heyra undir sérstök lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum (lög nr. 47/2004) eru einnig skilgreind sem landbúnaðarsvæði en háð sérstökum reglum.
- 2) **Nytjaskógrækt (þ.m.t. skjólbeltaræktun) er almennt ekki bundin sérstökum takmörkunum á landbúnaðarsvæðum sem liggja utan vatnasviðs Þingvallavatns og áhrifasvæðis ásýndar þjóðgarðsins, sbr. afmörkun hverfisverndarsvæða. Á svæðum innan skilgreindra hverfisverndarsvæða, verði nytjaskógrækt alfarið bundin við ræktun birkis, víðis og reynis af innlendum uppruna og háð sérstökum skilyrðum vegna verndun ásýndar og landslagsheilda (sjá hverfisverndarákvæði í kafla 3.15.) Um nytjaskógrækt gildir annars eftirfarandi: Gert er ráð fyrir að nytjaskógrækt fari ekki nær vatnsbakka Þingvallavatns en sem nemur 100 m en annars staðar 30-50 m. Landeigendur skulu ennfremur kynna sveitarstjórn áform sín um nytjaskógrækt áður en hún hefst. Skila skal inn áætlun þar sem fram kemur umfang ræktunar, stærðir samfelldra skógræktarsvæða, staðsetning og afmörkun svæða, afstaða til náttúruminja (t.a.m. raski ekki jarðmyndunum, vistkerfum, vötnum og votlendi skv. 37. gr. náttúruverndarlaga) og náttúrulegs skógar (sbr. 39. gr. náttúruverndarlaga), vatnsfalla (fjarlægð frá vatnsbakka) og menningarminja (sbr. sbr. 14 gr., 10 gr. og 13. gr. þjóðminjalaga) og trjátegundir sem fyrirhugað er að rækta. Skógrækt sem nær til 200 ha svæðis eða stærra, fer inn á verndarsvæði eða hefur í för sér ruðning á náttúrulegum skógi, og er þar með tilkynningaskyld framkvæmd samkvæmt iögum nr. 106/200 (sjá 2.viðauki, 1.d. og 3. viðauka, 2. lið iii), er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Ennfremur þarf að meta í slíkum tiivikum hvort skógræktin skuli vera matskyld samkvæmt iögum nr. 106/2000 (sjá 5. og 6. greinar laganna). Áform um ræktun skjólbelta sem liggja nærri stofn- og tengivegum skal ennfremur tilkynna til sveitarstjórnar sem leggur slík áform til umsagnar hjá Vegagerðinni. Æskileg lágmarksfjarlægð er 50 m.**
- 3) **Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu svína- og alifuglabúa¹⁸ á landbúnaðarsvæðum innan vatnasviðsins, sbr. afmörkun hverfisverndarsvæðis. Þauleldi á fiski eða fiskirækt verði ennfremur ekki leyfð á svæðum innan**

¹⁸ Stærðarmörk stöðva þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000, 1. viðauki, liður 19 (i-iii) um matsskyldu og og 2. viðauki, liður 1.f (i-ii) um tilkynningaskyldu framkvæmda), eru svo víð að ekki er nothæft að takmarka uppbyggingu svína- og alifuglabúa eingöngu við þau mörk.

vatnasviðs Þingvallavatns¹⁹ (sbr. 2. viðauki, liður 1.g í lögum um mat á umhverfisáhrifum)

- 4) Við uppgræðslu lands verði þess almennt gætt að nota gróðurtegundir sem ekki raska náttúrulegri ásýnd svæðisins, sbr. einnig reglur á svæðum innan marka hverfisverndar. Uppgræðsla lands á landbúnaðarsvæðum getur verið framkvæmdaleyfisskyld sbr. 27 gr. skipulags- og byggingarlaga. Uppgræðsla á verndarsvæðum (m.a. náttúruminjasvæðum, hverfisverndarsvæðum og heigunarsvæði fornleifa, sbr. 3. viðauki, 2 liður iii) er tilkynningaskyld framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000, 2. viðauki, liður 1e) og er í öllum tilvikum framkvæmdaleyfisskyld. Ekki eru skilgreind sérstök svæði í aðalskipulaginu vegna uppgræðslu lands á landbúnaðarsvæðum.
- 5) Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á viðkomandi jörð, þó skal vera leyfilegt að byggja stök íbúðarhús á jörðinni þar sem aðstæður leyfa, sem ekki eru tengd búrekstri, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem íbúðarsvæði. Húsin skulu byggð upp í tengslum við bæjarhlöð jarðanna og nýta sömu afleggjara frá þjóðvegi. Varðandi byggingu íbúðarhúsa á Kárastöðum og Brúsastöðum, fer samkvæmt reglum Þingvallanefndar, sbr. lög nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum.
- 6) Takmörkuð veitinga- og gistipjónusta, sala afurða, veiðileyfa og minjagripa er leyfileg á landbúnaðarsvæðum, ef um aukabúgrein er að ræða. Tilgreina þarf í deiliskipulagi hvaða starfsemi er fyrirhuguð og umfang hennar.
- 7) Ekki er leyfilegt að byggja frístundahús á landbúnaðarsvæðum.

Mat á umhverfisáhrifum uppbyggingar, framkvæmda og ræktunar á landbúnaðarsvæðum í Þingvallasveit:

Varðandi áhrif búreksturs á lífríki svæðisins, verður sérstaklega að hafa í huga hættu á mengun vatns innan vatnasviðs Þingvallavatns. Megnið af landbúnaðarlandi innan sveitarinnar er innan vatnasviðs Þingvallavatns. Það er einungis Stíflisdalur og Fellsendi sem eru utan vatnasviðsins. Pétur M. Jónasson hefur lagt til að bann verði sett við rekstri svínabúa og fiskeldisstöðva innan vatnasviðsins, vegna hættu á niturmengun. Áburðarnotkun hefðbundins búskapur hefur ennfremur í för með sér hættu á mengun grunnvatns sem berst í Þingvallavatn. Áætlað hefur verið að niturmengun sem berst í Þingvallavatn vegna ræktunar og skepnuhalds geti numið um 5-10

¹⁹ Hér þarf einnig að athuga vatnasvið Laxár í Kjós og stefnumörkun í aðalskipulagi Kjósarhrepps.

tonnum á ári en heildar magn mengunar er áætlað rúm 30 tonn (loftmengun, skólp og Nesjavallavirkjun auk mengunar frá landbúnaði).²⁰ Samdráttur hefur verið í landbúnaði á undanförunum árum og ekki sýnt að vöxtur verði í kvikfjárrækt á svæðinu á næstu árum. Því má gera ráð fyrir að heldur dragi úr mengun vegna landbúnaðarins.

Með skilgreiningu hverfisverndarsvæða er reynt að stemma stigu við áhrifum ræktunar á landbúnaðarsvæðum á lífríki svæðisins og ásýnd. Ekki er líklegt að ráðist verði í umfangsmiklar ræktunarframkvæmdir á svæðinu í náninni framtíð. Áformuð nytjaskógrækt í Stíflisdal er utan vatnasviðsins og áhrifasvæðis ásýndar.

Reglur um staðsetningu nýrra íbúðarhúsa miða að því að lágmarka áhrif uppbyggingar á búsetulandslagið og tryggja mögulega samnýtingu fráveitu.

²⁰ Sjá Pétur M. Jónasson (2002): "Höldum Þingvallavatnið bláu og tæru", bls. 279, 281.

4. tafla: Sumarhús og sumarhúsasvæði í Þingvallasveit

Þjóðgarður:	Eignarhald	Fjöldi sumarhúsa:		Óbyggðar lóðir:	Núverandi stærðir svæða (ha):			Óskir landeigenda	Samþykkt aukning svæða (ha)		Alla:	Fjöldgun húsa ²⁾ á "nýjum svæðum	Tillaga stærðir (ha)
		1993	2003		Svæðisskipulag	Leiðréttingar	Alls:		Þéttling - B	Ný svæði - D			
Arnarfell (eyði frá 1947)	rikssjóður												
Brúsastaðir	rikssjóður												
Gjábakki (eyði frá 1960)	rikssjóður	9	9		4,3		4,3						4,3
Kárastaðir/Þingveilir	rikssjóður	80	95	5	64,0	11,0	75,0						75,0
Svartagil (eyði frá 1973)	rikssjóður												
Vatnskot (eyði frá 1966)	rikssjóður												
Alls:		89	104		68,3	11,0	79,3						79,3
Önnur svæði innan vatnasviðs:													
Heiðarbær I og II	rikssjóður	85	93	2	78,5		78,5						
Miðfelli ¹⁾	einkaeign	244	263	179	110,0	2,0	112,0	130,0	35,0		35,0	47	147,0
Mjóanes	einkaeign	4	6	3	4,0	2,0	6,0	47,0	20,5	26,5	47,0	31	53,0
Skálabrekka I og II	einkaeign	25	28	1	40,0	6,5	46,5	104,5	48,5		48,5	49	95,0
Alls:		358	390		232,5	10,5	243,0	281,5			130,5	127	295
Svæði utan vatnasviðs:													
Fellsendi	rikssjóður												
Stíflisdalur I og II	einkaeign	5	6		0,0	6,0	6,0				100,0	35	106,0
Selkot (eyði frá 1953)	Bláskógabyggð												
Alls:		5	6		0,0	6,0	6,0	100,0			100,0	35	106,0
Samtals:		452	500		300,8	27,5	328,3	381,5			230,5	162	480,3

Fasteignaskrá 2003, Svæðisskipulag ÞGG 2015

1) Fjöldi bústaða í Miðfelli árið 2003 eru áætlaðir útrá tölunni 1993, þar sem tölur bústaða byggðir eftir 1993 er bætt við. Bústaðir á Þingvöllum óskröðir í fasteignaskrá 2003?

 2) Við áætlun á fjölgun sumarhúsa á nýjum svæðum var tekið mið af aðstæðum á hverju svæði og/eða áformum í deiliskipulagstíðgu. **Ekkí bindandi tölur. Endanlegur fjöldi reðst af útfærslu í deiliskipulag**

Stefna um frístundabyggð á láglandi

Meðal megin markmiða aðalskipulags Þingvallasveitar er að vernda lífríki Þingvallavatns og ásýnd svæðisins. Ljóst er að óheft uppbygging sumarhúsa, eins og tíðkaðist um tíma í Þingvallasveit, samræmist ekki þeim markmiðum. Megin leiðarljós, við mótun stefnu um svæði fyrir frístundabyggð, er því að tryggja að stefnan leiði ekki til óheftrar uppbyggingar sumarhúsa. Annað leiðarljós við mótun stefnunnar er að gæta, eins og framast er unnt, sanngirni og jafnræðis gagnvart landeigendum sem lýst hafa áhuga á að skipuleggja sumarhúsasvæði á sínum jörðum.

Við afmörkun sumarhúsasvæða, innan vatnasviðs Þingvallavatns, er eftirfarandi lagt til grundvallar (sjá skipulagsupprátt):

- a) Að frekari uppbygging sumarhúsa verði fyrst og fremst bundin við þéttingu innan núverandi byggðar og lítilsháttar viðbætur við núverandi svæði (leið B)
- b) Að mögulegt verði að byggja, upp að vissu marki, á nýjum svæðum, ef uppbygging á viðkomandi svæði getur samræmst markmiðum um verndun ásýndar og lífríkis Þingvallavatns (leið D, að gefinni framfylgd skilmála og mótvægisaðgerða í deiliskipulagi, sjá að neðan).

Hér að neðan er sett fram stefna um uppbyggingu sumarhúsasvæða almennt í Þingvallasveit. Stefnan tekur bæði til núverandi byggðar, varðandi endurbyggingar sumarhúsa, viðbyggingar og viðhald húsa, og til nýbygginga innan núverandi svæða og á svæðum sem bætast við. Í megin atriðum skal framfylgja neðangreindum ákvæðum og reglum við gerð deiliskipulags en meðan ekki liggur fyrir deiliskipulag verða sértækar reglur í aðalskipulagi að vera leiðbeinandi við mat á einstökum byggingarumsóknum innan eldri sumarhúsasvæða. Slíkt er ekki æskilegt til lengdar og því hlýtur gerð deiliskipulags á hverju svæði að vera forgangsatriði við stjórn uppbyggingar á sumarhúsasvæðunum.

Stefnumörkunin skiptist með eftirfarandi hætti: 1) Almenn markmið aðalskipulags, sem ná til allra láglandissvæða í Þingvallasveit, nema annað sé tekið sérstaklega fram; 2) Sértækari stefnuatriði sem taka skal tillit við gerð skilmála í deiliskipulagi allra svæða innan vatnasviðsins; 3) Sértæk ákvæði sem taka til mismunandi svæða eða aðstæðna innan vatnasviðsins.

Sérstök umfjöllun er um hvert þeirra sumarhúsasvæða, þar sem gert er ráð fyrir aukinni uppbyggingu, í kaflanum “Mat á umhverfisáhrifum-umfjöllun um einstök svæði”, hér að neðan (sjá einnig Viðauka Ia). Þar er m.a. fjallað um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir og hvað þurfi sérstaklega að hafa í huga á viðkomandi svæði, m.a. þéttleika byggðar og stöðu í landslaginu.

1. Almenn markmið – öll láglandissvæði í Þingvallasveit:

- Að frístundabyggð í Þingvallasveit falli vel að landslagi og áhrif hennar á náttúrulega ásýnd og vistkerfi verði lágörkuð
- Að frístundabyggð verði ekki áberandi frá helstu útsýnis og ferðamannastöðum, einkum frá slíkum stöðum innan Þjóðgarðs²⁸
- Að frístundabyggð verði ekki áberandi frá vegum og öðrum samgönguæðum, einkum við aðkomu inn í Þjóðgarðinn
- Að unnið verði lögformlegt deiliskipulag fyrir öll eldri sumarhúsasvæði í Þingvallasveit. Sveitarstjórn skal hafa forgöngu um að landeigendur, lóðarhafar og sumarhúsafélög láti vinna deiliskipulag á viðkomandi svæði innan 4 ára frá gildistöku aðalskipulagsins. Ekki verða gefin út byggingarleyfi á þeim svæðum þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag að loknum þessum 4 árum. Fram að því verður mögulegt að gefa út byggingarleyfi í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins.
- Að uppbygging alira sumarhúsa (þ.m.t. viðhald, viðbyggingar og endurbyggingar) og framkvæmdir (þ.m.t. ræktun) í tengslum við þau verði háð ákveðnum skilyrðum sem sett verði fram í deiliskipulagi viðkomandi svæðis (sbr. tillaga að ákvæðum að neðan um svæði innan vatnasviðsins)
- Við mat á umsóknum um uppbyggingu sumarhúsa/deiliskipulagstillögum verði megin verndarmarkmið aðalskipulagsins höfð að leiðarljósi, þ.e. að vernda lífríki og tærleika Þingvallavatns, vernda ásýnd svæðisins (jarðmyndanir, iandsiagsheidir og gróðurfar) og menningarminjar.
- Við skipulagningu sumarhúsasvæða skal leitast við að nýta fyrirbyggjandi þjónustukerfi, s.s. vegi og veitur
- Innan vatnasviðs Þingvallavatns þarf að tryggja þannig frágang á fráveitu frá sumarhúsum (t.d. safnþrær), að ekki sé hætt á frekari niturmengun grunnvatns.

²⁸ Helstu útsýnisstaðir innan Þjóðgarðs eru m.a. Hakið, áningarstaður við Þjóðveginn í grennd við Kiukkustíg, frá vatnsbakkanum í Vatnskoti og Vatnsvík.

2. Sérþækari stefnuatriði sem taka skal tillit við gerð skilmála í deiliskipulagi allra svæða innan vatnasviðsins, þ.m.t. sumarhúsasvæði innan Þjóðgarðs.

- **Yfirbragð og þéttleiki byggðar:**
 - Sumarhúsa byggð skal að jafnaði vera lágreist
 - Staðsetning sumarhúsa skal vera þannig að frá helstu útsýnisstöðum beri hús og þaklínur þeirra ekki við himinn eða vatnsflöt, heldur hafi bústaðir bakgrunn af fjallshlíðum eða gróðurlendi.
 - Litanotkun á þökum skal vera á skala dökkra jarðlita.
 - Stærð sumarhúss og lóða skal auglýsa og kynna í deiliskipulagi. Nýtingarhlutfall skal ákveðið í deiliskipulagi
 - Fjarlægð húss frá lóðarmörkum skal vera minnst 10 m.
 - Miða skal við að fjarlægð húss frá vatnsbakka sé 100 m, eftir því sem kostur er á, annars 50 m hið minnsta, sbr. 2. mgr. liðar 4.15.2 í skipulagsreglugerð (nr. 400/1998 m.s.br.)”
 - Byggingarefni sumarbústaða skal vera timbur eða annað létt byggingarefni. Endanleg ákvörðun um byggingarefni er tekin í deiliskipulagi.
 - Notast skal við ljósabúnað og lýsingu sem beinir ljósinu niður til jarðar
- **Samnýta skal eftir þörfum aðkeyrslur, bílastæði, leiksvæði, sorpgáma, lagnir og fráveitur:**
 - Nýta skal eftir fremsta megni núverandi afleggjara og vegarsíóða vegna nýbygginga og stuðla að samnýtingu sorpgáma og leiksvæða.
 - Gerðar eru kröfur um sameiginlega fráveitu sumarbústaða á þéttbýlustu svæðum og í nágrenni við Þjóðgarð.
 - Ganga skal svo frá fráveitum að með öllu sé tryggt að ekki sé hætt á niturmengun grunn- eða yfirborðsvatns sem rennur í Þingvaliavatn.
- **Ræktun og fjarlægð ræktunar frá vatni:**
 - Í deiliskipulagi og á byggingarnefndarteikningum skal gera grein fyrir frágangi lóðar og notkun gróðurs. Hafa skal í huga að trjágróður getur haft meiri áhrif á ásýnd en byggingar.
 - Nota skal innlendar tegundir s.s birkis iimreyni, og fjölbreytt úrvai íslenskra víðitegunda. Vegna sérstöðu náttúru og lífríkis Þingvallavatns er notkun áburðarefna óæskileg og með öllu óheimil meðan frost er í jörðu.
 - Gróðursetning sígrænna tegunda s.s greni og furu er óæskileg og alls ekki heimil nær vatnsbakka en 100 m fjarlægð (sbr. hverfisverndarsvæði H3)

Stefna:**Fráveita:**

- 1) Frágangur fráveitu frá öllum byggingum verði vandaður og í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998) og reglugerð um fráveitur og skólp (nr. 798/1999) og meðhöndlun seyru (nr. 799/1999). Við endurbætur á fráveitukerfum á og við bæjarhlöð verður að hafa sérstaka gát vegna hugsanlegra fornleifa, og fylgja 14. gr., 13. gr. og 10. gr. Þjóðminjalaga þar um.
- 2) Meta þarf í hverju tilviki hverskonar fráveituausnir eru hentugastar, m.t.t. stöðu innan vatnasviðs, gerð jarðlaga og jarðvegsþykktar og grunnvatnsstöðu. Hefðbundin rotþró og siturlagnir eru í sumum tilvikum ekki heppileg lausn. Í deiliskipulagi þarf að kveða ítarlega á um hvernig fráveitumál verða leyst, m.t.t. gerð jarðlaga og stöðu svæðis innan vatnasviðsins (sjá kafla 3.15 um hverfisvernd).
- 3) Að við uppbyggingu verði, eftir því sem framast er unnt, gert ráð fyrir samnýtingu á þeim fráveitukerfum sem fyrir eru.

Hitaveita:

1. Kannaðir verði nánar möguleikar á nýtingu jarðhita til hituveitu í sveitinni.

Vatnsveita:

1. Vatnsból (brunnsvæði) almenningsveitna sem og einkaveitna verði afgirt
2. Skilgreind verði vatnsverndarsvæði umhverfis vatnsból almenningsvatnsveitna (sjá kafla 3.14. og skipulagsuppdrátt)

Rafveita:

- 1) Huga þarf að því að koma rafliögnum næst þjóðgarðinum, á jaðarsvæðum hans, niður í jörðina, með það að markmiði að vernda ásýnd svæðisins
- 2) Gert er ráð fyrir eftirfarandi nýjum háspennulínunum og/eða breytingum á núverandi línunum (sjá skipulagsuppdrátt):
 - a) Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við Sultartungulínu 3 og er gert ráð fyrir að hún liggi í megindráttum 50-60 m norðan Sultartangalínu 1 (áður Hrauneyjarfosslínu). Nýja línan ber 420 kV en verður í fyrstu rekin á 220 kV spennu. Stæði nýju línunnar er innan skilgreinds mannvirkjabeitis svæðisskipulags Miðhálandis og hefur umhverfismati þegar verið lokið vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Boðveita:

Ekki er gert ráð fyrir fjarskiptamannvirkjum í Þingvallasveit

Stefna:

Eftirfarandi svæði í Þingvallasveit eru skilgreind sem óbyggð svæði:

- 1) Afréttur og hálendi að undanskyldum svæðum þar sem eru gangnamannahús og neyðarskýli, vegir eða háspennulínur
- 2) Fjallendi sem er innan marka þjóðgarðsins á Þingvöllum og önnur jaðarsvæði þjóðgarðsins
- 3) Belti á vatnsbakka Þingvallavatns, að jafnaði 50-100 m breitt, en breidd þess ræðst af staðháttum á hverju svæði
- 4) Landgræðsla er almennt heimil á óbyggðum svæðum, en getur verið háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga. Kanna þarf í hverju tilviki hvort ástæða er til að meta umhverfisáhrif uppgræðslu lands ef tiltekið land er á skilgreindu verndarsvæði (sbr. 6 gr. og Viðauka II (liður 2e), laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Óbyggð svæði í aðalskipulaginu falla nánast öll undir hverfisvernd vegna vatnsverndar og taka þarf tillit til viðkomandi hverfisverndarákvæða við uppgræðslu lands. Innan þjóðgarðs er stefnt að uppgræðslu lands í Arnarfelli og Svartagili.
- 5) Um fjarlægð bygginga frá vatni í Þingvallasveit gildir almennt sú regla að ekki megi byggja nær vatni en sem nemur 50 metrum (sbr. skipulagsreglugerð). Undantekning frá þessu er Þingvallavatn, þar sem skal miða við 100 m, eftir því sem kostur er á, annars 50 m hið minnsta, sbr. 2. mgr. liðar 4.15.2 í skipulagsreglugerð (nr. 400/1998 m.s.br.)”
- 6) Stefnt verði að því, í samvinnu við Grímsnes- og Grafningshrepp, að koma á samræmdum reglum um siglingar á Þingvallavatni og almennt umgegni við vatnsbakkann. Umræddar reglur verði settar sem lögreglusamþykkt.

og í háttind Háusúlu og þaðan bein stefna til austurs í efsta tind Gafells. Þaðan liggja mörkin til suðurs í Hrafnabjörg og með austur- og suðurmörkum jarðarinnar Gjábakka og með austurmörkum jarðarinnar Amarfells í Langatanga.

Samkvæmt frumvarpi til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess er lagt til að eftirfarandi svæði njóti verndar. Svæðið teygir sig um stóran hluta afréttar Bláskógabyggðar⁵²:

Að sunnan eru mörkin úr Stapa við Úlfjótuvatn (markapunktur milli Kaldárhöfða og Efri-Brúar í Grímsneshreppi) þvert yfir vatnið í Sauðatanga, þaðan bein lína í hompunkt jarðanna Úlfjótuvatns og Hlíðar efst í Baulugili (við Þríhöfðaflatir). Þaðan ráða mörk þeirra jarða að hreppamörkum Grímsnes/Grafningshrepps og Ölfushrepps. Þaðan ráða hreppamörk í hápunkt Skeggja (markapunktur jarðanna Nesjavalla og Nesja) og þaðan bein lína í markapunkt við Sæluhúsatótt (á sýslumörkum Kjósarsýslu og Árnessýslu). Þaðan ræður lína í eystri enda Mjóavatns og áfram í markapunkt jarðarinnar Skálabrekku við Hádegisholt. Síðan ráða mörk jarðanna Skálabrekku og Kárastaða í sýslumörk Árnessýslu og Kjósarsýslu. Sýslumörk ráða allt norður að fyrrverandi hreppamörkum Biskupstungnahrepps á Langjökli. Þaðan ræður lína í hápunkt Hagafells og þaðan í hæsta punkt Hlöðufells. Þaðan ræður bein lína í eystri Hrutatind (norðan Miðfjalls), síðan í hæsta punkt Ása og þaðan bein lína í há-Fagradalsfjall á mörkum jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns. Þaðan ræður bein lína í hompunkt jarðar Laugarvatns sunnan megin (á Markahryggjum) og síðan ráða mörk þeirrar jarðar og fyrrverandi hreppamörk Laugardalshrepps og Grímsnes/Grafningshrepps á Biskupsbrekkum. Þaðan liggja mörkin í há-Þrasaborg. Þaðan ráða mörk jarðarinnar Kaldárhöfða í Stapa við Úlfjótuvatn...”

Stefna:

Náttúruverndarsvæði í aðalskipulagi Þingvallasveitar eru afmörkuð í samræmi við lög og reglugerðir um verndarsvæði og náttúruminjasrá.

1. Eftirtalin svæði eru skilgreind sem náttúruverndarsvæði:

- a) Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Samkvæmt sérstökum lögum um þjóðgarðinn nr. 47/2007.
- b) Þingveliir og Þingvallavatn, Svæði á náttúruminjasrá, (sjá skilgreiningu að framan)
- c) Skjalbreiður og nágrenni, Svæði á náttúruminjasrá, (sjá skilgreiningu að framan).
- d) Laxárvogur og Laxá í Kjós, (að hluta) Svæði á náttúruminjasrá, (sjá skilgreiningu að framan).

2. Ekki er litið á svæði á náttúruminjasrá sem verndarsvæði í heild sinni en á þeim svæðum verði farið varlegar í framkvæmdir, sbr. einnig reglur á hverfisverndarsvæðum

⁵² Samkvæmt útgáfu af frumvarpinu frá 5. apríl 2004.

(sjá kafla 3.15), og leitað umsagnar Umhverfisstofnunar ef hættu er á röskun náttúruminja við framkvæmdir sbr. 38 gr. náttúruverndarlaga

- 3. Gerð verði grein fyrir einstökum náttúruminum sem teljast til jarðmyndana, vistkerfa, vatna og votlendis skv. 37 gr. náttúruverndarlaga, og ekki er gerð grein fyrir í aðalskipulaginu, í deiliskipulagi viðkomandi svæðis þar sem framkvæmd er fyrirhuguð (sjá einnig kafla 3.7. um svæði fyrir frístundabyggð og skilyrði fyrir framkvæmdaleyfi til efnistöku í kafla 3.4.). Leita verður umsagnar til Umhverfisstofnunar ef um er að ræða framkvæmdir sem geta raskað náttúruminum skv. umræddri grein náttúruverndarlaga, eins og löggin kveða á um.**

Markmiðin eru innbyrðis háð og geta ákvæði á einstökum svæðum verið að stuðla að framfýlgd allra markmiðanna þriggja

Framfýlgd hinna almennu hverfisverndarákvæða þarf að tryggja í deiliskipulagi og við mat á einstökum byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknum.

Stefna

Eftirfarandi hverfisverndarsvæði eru skilgreind í aðalskipulagi Þingvallasveitar (sjá þemakort):

Hverfisvernd sem nær til alls vatnasviðs Þingvallavatns innan Biáskógabyggðar (H1), sbr. stefnumörkun um vatnsvernd á hálendi í aðalskipulagi Laugardals og Biskupstungna og ennfrémur í aðalskipulagi Grímsnes og Grafnings og í frumvarpi um verndarsvæði Þingvallavatns. Eftirfarandi reglur taka að grunni til mið af reglum og ákvæðum sem eru að finna í skilgreiningu á fjarsvæðum og grannsvæðum vatnsbóla, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/1999 m.s.br. nr. 533/2001), auk þess sem settar eru nánari og strangari reglur í ýmsum málaflokkum:⁵⁸

- **Geymsla mengandi efna (birgðir af olíu, bensíni, áburði og öðrum mengandi efnum) er með öllu óheimil innan vatnasviðsins, þó verður leyfilegt að geyma takmarkaðar birgðir þessara efna vegna hefðbundins landbúnaðar á einstökum lögbýlum**
- **Uppgræðsla lands, sáning og áburðargjöf verði háð mati á umhverfisáhrifum og/eða tilkynningaskyld. Notast verði við plöntur af innlendum uppruna við upppgræðslu**
- **Nytjaskógrækt verði háð mati á umhverfisáhrifum og/eða tilkynningaskyld og því ávallt framkvæmdaleyfisaskyld. Ekki verði heimilt að rækta nytja barrskóga**
- **Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu svína- og alifuglabúa⁵⁹ á svæðum innan vatnasviðsins.**
- **Þaueldi á fiski eða fiskirækt verði ekki leyfð á svæðum innan vatnasviðsins (sbr. 2. viðauki, liður 1.g í lögum um mat á umhverfisáhrifum)**
- **Metið verði vandlega í hverju tilviki hverskonar fráveitulausnir eru hentugastar, m.t.t. stöðu innan vatnasviðs, gerð jarðlaga og jarðvegsþykktar og grunnvatnsstöðu. Hefðbundin rotpró og siturlagnir eru í sumum tilvikum ekki heppileg lausn. Í deiliskipulagi þarf að kveða ítarlega á um hvernig fráveitumál verða leyst, m.t.t. gerð jarðlaga og stöðu svæðis innan vatnasviðsins**

⁵⁸ Sjá Pétur M. Jónasson (2002): "Höldum Þingvallavatnið bláu og tæru", bls. 276-281, sjá samantekt í Gagnaskýrslu, bls. 9.

⁵⁹ Stærðarmörk stöðva þar sem fram fer þaueldi alifugla og svína, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000, 1. viðauki, liður 19 (i-iii) um matsskyldu og 2. viðauki, liður 1.f (i-iii) um tilkynningaskyldu framkvæmda), eru svo víð að ekki er nothæft að takmarka uppbyggingu svína- og alifuglabúa eingöngu við þau mörk.

- Vinnsla hverskyns auðlinda úr jörðu, borun eftir vatni og taka jarðefna verði ávallt háð framkvæmdaleyfi (sbr. einnig ákvæði laga nr. 106 um mat á umhverfisáhrifum)
- Umferð vélknúinna farartækja á hálendissvæðum verði takmörkuð, að vetri sem sumri, og eingöngu bundin við merktar leiðir
- Þungaflutningar verði háðir sérstökum reglum
- Hverskonar flutningar á olíu, bensíni eða öðrum mengandi efnum eru ekki heimilaðar um þjóðgarðinn, sbr. samþykkt Þingvallahandlinga, að undanskyldum flutningum vegna landbúnaðar innan þjóðgarðsins

Hverfisvernd ásýndar Þingvallasvæðisins, vatnsins og þjóðgarðsins – umgjörð fjalla og hlíða – landslagsvernd (H2).

Svæðið tekur til hlíða og fjalla sem mynda umgjörð um þjóðgarðinn og vatnið að austan, norðan og vestan. Við afmörkun svæðisins er að jafnaði miðað við 250 til 270 m.y.s. Ákvæði hverfisverndar á þessu svæði lúta að hverskyns mannvirkjagerð sem raskað getur ásýnd svæðisins. Ákvæði þessi taka fyrst og fremst til svæða þar sem að öðru jöfnu er ekki gert ráð fyrir gerð deiliskipulags. Þau eru því fyrst og fremst leiðbeinandi við veitingu framkvæmdaleyfa og hugsanlega í undantekningatilvikum við veitingu byggingarleyfis. Eftirfarandi reglur gildi á svæðinu.

- Á svæðinu gildir almennt bann við mannvirkjagerð og jarðraski, með neðangreindum undantekningum og viðeigandi skilyrðum
- Uppgræðsla lands, sáning og áburðargjöf verði heimil en háð mati á umhverfisáhrifum og/eða tilkynningaskyld. Notast verði við plöntur af innlendum uppruna við uppgæðslu
- Nytjaskógrækt eða önnur skógrækt er ekki heimil á svæðinu
- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit, skulu haldast svo sem verið hefur. Sveitarstjórn getur þó, ef þörf krefur, sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu. Heimilt er að viðhalda reisa girðingar og viðhalda þeim til að vernda, ef þurfa þykir, land fyrir ágangi búfjár
- Umferð vélknúinna ökutækja um vegarslóðir sem þegar eru fyrir hendi skal heimil að sumarlagi, enda sé viðkomandi slóð greinileg og merkt sem akstursleið. Óheimilt er að ryðja nýjar slóðir fyrir umferð vélknúinna ökutækja og á hálendinu almennt nema með leyfi sveitarstjórnar. Akstur á snævi er heimil, en ef þörf krefur getur sveitarstjórn ákveðið að takmarka eða banna akstur vélknúinna ökutækja á tilteknum svæðum árið um kring
- Heimilt er að merkja göngu- og reiðleiðir um svæðið og viðhalda þeim eftir því sem þurfa þykir. Mannvirkjagerð vegna þessa skal þó ávallt haldið í lágmarki og þess

jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og jarðrasks og kostur er.

Hverfisvernd á vatnsbakka Þingvallavatns og 100 m belti frá vatninu (H3). Sérstækar reglur um mannvirkjagerð og byggingar á 100 belti frá vatnsbakka Þingvallavatns, sbr. reglur og skilmálar um frístundabyggð (sjá kafla 3.7). Á svæðinu gilda eftirfarandi reglur:

- Bann við mannvirkjagerð og jarðraski á ósnortnum svæðum við vatnsbakkann
- Á svæðum sem hafa verið framræst eða raskað með öðrum hætti án þess þó að þar hafi risið byggingar, verði almennt ekki gert ráð fyrir varanlegum mannvirkjum
- Á núverandi byggðum svæðum, einkum sumarhúsasvæðum, og þar sem fyrirhuguð er þétting, viðbætur við núverandi sumarhúsasvæði eða ný svæði, verði sérstökum ákvæðum um uppbyggingu, endurbyggingu og viðhaldi húsa fylgt í hvívetna og öðrum ákvæðum sem lúta að því að draga úr áhrifum byggðar á ásýnd og vistkerfi (sjá kafla 3.7.).

Hverfisvernd á láglendissvæðum Þingvallasveitar (H4). Sérstækar reglur um mannvirkjagerð og byggingar á láglendissvæðum Þingvallasveitar utan þjóðgarðs. Á svæðinu gilda eftirfarandi reglur (sjá kafla 3.6. og 3.7.):

- Á núverandi byggðum svæðum, einkum sumarhúsasvæðum, og þar sem fyrirhugað er þétting og viðbætur við núverandi svæði, verði sérstökum ákvæðum um uppbyggingu, endurbyggingu og viðhaldi húsa fylgt í hvívetna og öðrum ákvæðum sem lúta að því að draga úr áhrifum byggðar á ásýnd og vistkerfi (sjá kafla 3.7. og einnig 3.6.).

Hverfisvernd núverandi Gjábakkavegar sem göngu- og reiðleiðar (H5). Núverandi Gjábakkavegur verði aflagður sem akvegur þegar nýr Gjábakkavegur hefur verið lagður. Lagt er til að núverandi vegi verði haldið við sem göngu- og reiðleið og verndaður í núverandi vegstæði, m.a. til samræmis við hverfisvernd Gjábakkavegar – Kónsvegar í aðalskipulagi Laugardals 2000-2012.

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR

Félagsheimilinu Borg - 801 Selfoss
Sími: 486 4400 - FAX: 486 4490
NETFANG: gogg@gogg.is - www.gogg.is

Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg 6. apríl 2005

Efni: Umsögn um breytingartillögur á frumvarpi til laga

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 6. apríl 2005 var tekinn fyrir tölvupóstur frá Hlín Lilju Sigfúsdóttur, lögfræðingi dags. 4. apríl 2005. Þar er óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar og athugasemdum varðandi tillögur til breytinga á frumvarpi til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Sveitarstjórn mun ekki gera efnislegar athugasemdir vegna þessa en ítrekar bókun sína frá 13. apríl 2004.


Sveitarstjórn mótmælir því harðlega að lagt skuli fram sérstakt frumvarp um verndun vatnasviðs Þingvallavatns og leggur til að lagt verði fram frumvarp til laga um vatnsvernd á Íslandi í heild sem taki einnig yfir vatnasvæði Þingvallavatns.

Jafnframt lýsir sveitarstjórn yfir furðu sinni á því að verið sé að taka ákvörðunarrétt af sveitarstjórnnum með vatnsverndarlögum við Þingvallavatn nú þegar það er yfirlýst stefna ríkis að efla sveitarstjórnarstigið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Þingvallanefnd beri ábyrgð á vatnsvernd innan þjóðgarðs en sveitarstjórnnum er ekki treyst til að fara með málefni vatnsverndar samkvæmt frumvarpinu.

Ofangreind afstaða sveitarstjórnar hefur ekki breyst og áréttast hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar,

SVEITARSTJÓRI

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri

Alþingi

Erindi nr. Þ 13/231

Reykjavík komudagur 29. 11. 2004

Til umhverfisnefndar Alþingis

Varðar:

Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess
(295. mál á 131. löggjafarþingi, þskj. 322)

Inngangur

Áhrif frumvarpsins, ef að lögum yrði, yrðu fyrst og fremst þau að reistar væru tilefnislausar skorður við eðlilegu mannlífi við Þingvallavatn. Undirritaður hvetur til þess að Alþingi hafni frumvarpinu algjörlega.

Í frumvarpinu er lagt til að umhverfisráðherra geti stjórnað mikilvægum málaflokkum við Þingvallavatn með ákvörðunum, án þess að þeim séu settar skorður og skýr markmið. Með því væri vald sveitarstjórna í Bláskógabyggð og í Grímsnes- og Grafningshreppi skert, en almenn stjórnvöld geta vel staðið vörð um vatnið með venjulegum valdheimildum sínum fái þau frið til þess.

Engin vá steðjar að Þingvallavatni sem útheimtir sérstök lög. Ekkert tilefni er til þess að hafa stjórnskipun þar með öðrum hætti en annars staðar í landinu. Einu gildir í því sambandi hvaða stjórnvald færi með sérstök völd á svæðinu, það er ekki viðunandi að völdin séu sérstök. Hér eiga við orð Þorgeirs ljósvetningagoða í 105. kafla Njálu: "Svo list mér sem málum vorum sé komið í ónýtt efni, ef eigi hafa ein lög allir".

Hver sá sem mætti velja fyrir sína heimabyggð milli laga um opnar valdheimildir ráðuneyta sem lagðar eru til í frumvarpinu og málefnalegs réttarríkis nútímans væri ekki í vafa, lög samkvæmt þessu frumvarpi vildi enginn hafa.

Verndun Þingvallavatns og nágrennis þess er áhugamál undirritaðs og væntanlega flestallra Íslendinga. Það á ekki að standa að henni eins og lagt er til í frumvarpinu.

Opin verndunarákvæði og almenningur á svæðinu

Ekki kemur fram í athugasemdum frumvarpsins, að nein sérstök vá steðji að Þingvallavatni nú, hvað þá sem útheimti sérstaka lagasetningu. Í frumvarpinu er heldur ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum aðgerðum til að fylgjast með hvort ráðherra þurfi að grípa til þeirra heimilda sem honum væru fengnar. Gert er ráð fyrir að settar yrðu sérstakar og strangari reglur en almennt gilda, en engar leiðbeiningar eða vísbendingar eru um efnisákvæði. Hvaða markmið á að setja vatnshæð og frárennsli? eru þau mál í ólagi núna? Þarf strangari reglur en almennt gerist? Er sumarbústaðalíf til vandræða? Það kemur ekki fram.

Af frumvarpstextanum er ekki unnt að átta sig á gildissviði hugsanlegra reglna umhverfisráðuneytisins. Haldið er þeim stíl sem er á ritgerð Péturs M. Jónssonar í fylgiskjali, að láta eins og fristundabyggð skipti ekki máli, en flytja málið þannig, að fólk þar hafi allt tilefni til að óttast um sinn hag og að opinberu valdi yrði beitt til þess að sýna að fólk sé óvelkomið heima hjá sér.

Íslensk löggjöf um vatnsvernd

Í byrjun athugasemda við lagafrumvarp þetta segir (í 2. og 3. málslið):

"Þar sem hér á landi hafa ekki enn verið sett almenn lög um verndun grunnvatns eða annars nytjavatns"

Sama hugsun er síðar í athugasemdunum, t.d. 6. og 7. málslið 4. mgr. í almennum athugasemdum, þar sem segir auk þess að þetta frumvarp gæti verið fyrirmynd almennra laga um vatnsvernd.

Þetta er ekki rétt lengur, þótt svo kunni að hafa verið þegar fyrsta gerð frumvarpsins var samin. A.m.k. tvær reglugerðir taka á þeim málum sem frumvarpinu er ætlað, báðar settar 29. okt. 1999 samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir:

1. REGLUGERÐ 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns: [grein 1.1:] Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.
2. REGLUGERÐ 798/1999 um fráveitur og skólþ: [grein 1.1:] Markmið reglugerðar þessarar er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólþs.

Þessar reglugerðir voru settar til þess að lögfesta EES ákvæði. ESB hefur síðan samþykkt rammaáætlun um verndun vatns í formi tilskipunar (tilskipun 2000/60/EC, Water Framework Directive) og er unnið að aðlögun hennar að EES samningnum. Þegar hún hefur verið felld inn í hann að hluta eða öllu leyti þarf að lögfesta hana á Íslandi, ef til vill á næsta ári.

Verndun grunnvatns á Íslandi er því í skýrum farvegi, við fylgjum EES. Hugmyndir um þetta efni mótast á svæðum Vestur-Evrópu, sem eru ákaflega þéttbýl eins og alkunna er. Viðbúið er að einhver ákvæðin gætu því þótt ströng í íslenskri sveit, en það breytir engu um lögleiðingu þeirra hér. Hún er gerð með almennri löggjöf, ekki sérlægum eins og í þessu frumvarpi.

Hugsanlegt er, að einhvern tíma verði borað eftir neysluvatni í þjóðgarðinum á Þingvöllum og það leitt til Reykjavíkur. Ekki þarf að friða sérstaklega vatnasvið Þingvallavatns utan þjóðgarðs til þess að koma í veg fyrir að grunnvatn í þjóðgarðinum spillist.

Rekstur við Þingvallavatn

Við Þingvallavatn er þrenns konar stórekstur:

1. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
2. Steingrímsstöð
3. Nesjavallavirkjun

Umsvifamikill rekstur getur vitaskuld verið bæði til góðs og ills fyrir nágrennið. Honum hafa fylgt bættar samgöngur, sem opna almenningi nýja ferðamöguleika og

nýttast nágrönnunum vel. Auk þess hefur þessi starfsemi skapað störf sem heimafólk hefur notið góðs af í einhverjum mæli.

Hætta á mengun vegna jarðhitavirkjunar og hótélrekstrar er vel þekkt, fylgst er með henni og ekki þörf á sérstakri lagasetningu.

Í greinargerð með frumvarpinu eru tíunduð neikvæð áhrif af vatnsborðsbreytingum í tengslum við byggingu og rekstur Steingrímsstöðvar. Slysið 1959 er orðið. Menn skilja nú orðið möguleg áhrif vatnshæðarbreytinga vegna miðlunar og síðustu ár hefur vatnshæð verið mjög stöðug. Það að lýsa starfsemi Steingrímsstöðvar á þriðja fjórðungi síðustu aldar, öðrum tíma með önnur viðhorf, aðra þekkingu og aðra stjórnsýslu, er ekki rök fyrir að setja lög eins og lagt er til.

Þingvallanefnd

Hlutverk Þingvallanefndar er stjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þjóðgarðurinn er skýrt afmarkaður. Þingvallanefnd fer langt út fyrir sitt umboð með því að troða illsakir við nágranna sína við vatnið utan Þjóðgarðs. Fólk á öðrum stöðum við vatnið á ekki að þurfa líða fyrir að hafa þennan nágranna.

Í frumvarpinu, sem "var samið undir forsjá Þingvallanefndar" er gert ráð fyrir að íbúar á svæðinu búi við þyngra vald en aðrir landsmenn, nema hvað Þingvallanefnd undanskilur sjálfa sig. Hún á að geta, ein íbúa við vatnið, gætt sinna landa án beins atbeina umhverfisráðuneytisins.

Eðlilegt er að líta á Þingvallanefnd sem hvern annan umráðamann jarðar, sem þurfi að eiga ákveðin mál við sveitarstjórn og stofnanir ríkisvaldsins eins og aðrir, en sé ekki hafinn yfir landslög. Sérstakt hlutverk þeirra jarða sem nefndinni er falið að annast breytir þar engu.

Býli og frístundabyggð

Mikil byggð er við Þingvallavatn, eins og allir vita. Landbúnaður er stundaður á 7-10 býlum, sumarbústaðir eru ef til vill um 600 og mikil umsvif eru kringum stórreksturinn sem áður er getið.

Frístundabyggðin á sér merka sögu og hún gegnir ríku hlutverki nú á dögum. Frístundabyggðinni hefur lítill gaumur verið gefinn, bæði í rannsóknum og í öðrum skrifum sem vatninu tengjast. Í Vefaranum mikla frá Kasmír (höf. Halldór Kiljan Laxness, útg. 1927) var búin til ímynd af sumarbústaðalífi á Þingvöllum sem verið hefur lífseig, drykkjuskapur auðmanna úr Reykjavík. Sú mynd lýsir engan veginn þorra frístundahúsa við vatnið. Upphaf sumarbústaðahverfisins við Miðfell er sennilega álíka gamalt og Steingrímsstöð. Það var merkilegt fyrir það meðal annars, að þar gat venjulegt fólk komið sér upp kofa og átt góðar stundir við þau efni og aðstæður sem þá voru almenn. Síðan hefur velmegun aukist, aðstæður allar batnað og mikið verið byggt. Nú er þéttbýli víða við Þingvallavatn og tilefni til að standa að skipulagsmálum þar í samræmi við það.

Einstök vandamál hafa komið upp nýlega, þar sem fyrirmæli og frestir hafa ekki verið virt, eins og tíundað hefur verið í fjölmiðlum, bæði um byggingar og hafnargerð. Sveitarstjórnnum ber að taka á slíkum málum án truflunar af hálfu ríkisvaldsins.

Vandamál við stórframkvæmdir á síðustu öld gefa ekki tilefni til þess að íþyngja almenningi núna, sumarbústaðafólk og bændur eiga ekki að þurfa að búa við íþyngjandi reglur sem varða sérstakar framkvæmdir.

Skipulagssaga

Fyrirliggjandi frumvarp er ekki nýtt. Það er nánast, eða alveg, samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 130. þingi og áður á 123. löggjafarþingi 1998-1999 (576. mál, þskj. 946). Á 122. löggjafarþingi 1997-98, var lagt fram frumvarp til laga um friðun Þingvalla og Þingvallavatns, sem ekki gerði ráð fyrir aðild umhverfisráðherra (mál 699, þskj. 1229). Þessi frumvörp hlutu ekki afgreiðslu.

Með því að leggja þetta frumvarp fram að nýju síðasta vor og aftur í haust var ýft upp gamalt ósætti, sem undirritaður taldi að hefði verið lagt til hliðar.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Grímsnes, Grafnings og Þingvallahrepps var skipuð um 1987 og tók starf hennar 10 ár. Einn tilgangur samvinnu um svæðisskipulag var að fjalla sameiginlega um málefni sem vörðuðu Þingvallavatn. Samvinnunefndin var sérstök að því leyti, að Þingvallanefnd greiddi hluta kostnaðar og tók þátt í starfi nefndarinnar með sama hætti og sveitarfélag.

Í fyrstu var reynt að nota skipulagsákvæði til þess að setja reglur um svipað efni og í frumvarpinu, nota verndun sem yfirvarp til þess að reisa skorður við eðlilegu mannlífi. Síðar voru hugmyndirnar færðar í frumvarpsbúning. Upphaflegt frumvarp um friðun Þingvalla og Þingvallavatns (þskj. 1229 á 122. löggjafarþingi 1997-1998) var afrakstur svæðisskipulagsvinnunnar. Alltaf svifu ritgerðir Péturs M. Jónasonar kringum starfið.

Svæðisskipulag var staðfest í lok árs 1996. Þar var annars vegar kort sem sýndi landnýtingu eins og lög gera ráð fyrir, hins vegar slæm greinargerð.

Aðalskipulag leysti svo af hólmi svæðisskipulagið, sem var fellt úr gildi 2003. Þá höfðu sameiningar sveitarfélaga leitt til þess að það tók ekki lengur til heilla sveitarfélaga.

Skipulag byggðar er verkefni sveitastjórna. Lausn á vanda sem upp kann að koma er ekki að taka vald frá sveitarstjórnunum, heldur að efla þær.

Rannsóknir og friðun

Fyrir 30 árum veittu stjórnvöld umtalsverðu fé til rannsókna á Þingvallavatni og nágrenni. Tók Pétur M. Jónasson að sér forstöðu þess verkefnis og hafa niðurstöður margháttaðra rannsókna verið birtar í safnrítum á ensku og íslensku, sem er getið í ritaskrá í fylgiskjali I með frumvarpinu. Pétur hefur ekki legið á skoðunum sínum um náttúruvernd, sem í ýmsu nálgast alfriðunarhugmyndir. Þessar skoðanir verða ekki að fræðilegum niðurstöðum þótt forstöðumaður rannsóknaverkefnisins boði þær í bókum sem hann ritstýrir sjálfur og greina líka frá rannsóknaniðurstöðum.

Vegna þess hvernig skoðanir og fræðilegar niðurstöður blandast saman í þessum bókum og öðrum skrifum (t.d. fskj. I) verður að hafa vakandi auga með því að ekki verði ruglingur þar á milli.


Það er pólitísk og tilfinningaleg skoðun, alls ekki fræðileg niðurstaða, að æskilegt sé að haga verndun Þingvallavatns með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu.

Umsögn fjárlagaskrifstofu

Fjárlagaskrifstofa reiknar ekki með að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

Sú niðurstaða getur ekki staðist. Lagt er til að fela umhverfisráðuneytinu aukin verkefni, sem getur ekki haft annað en kostnað í för með sér vegna einföldustu stjórnsýslu. Auk þess þarf að kosta rannsóknir til þess að meta hvort þörf sé á þeim reglum sem lagt er til að heimilt verði að setja. Enn fremur verður að reikna með að íþyngjandi ákvæði leiði af sér bótagreiðslur, eins og gert er ráð fyrir í 6. gr. frv. Þar er vísað til eignarnámsákvæða í náttúruverndarlögum og ákvæða 77. gr. þeirra laga um bætur fyrir fjártjón, sem getur orðið án eignarnáms.

Með vinsemd



Helgi Þórsson, kt. 230451-4519



Umhverfisnefnd Alþingis
Guðlaugur Þór Þórðarson formaður
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 22. 4. 2005

Efni: Hvatning til umhverfisnefndar Alþingis frá Skógrækt ríkisins

Á Alþingi Íslendinga er nú til meðferðar frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess¹. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir skógrækt í landinu og reyndar alla náttúruvernd. Þar er ekki um að ræða lagatextann sjálfan heldur fylgiskjal I með frumvarpinu, sem samið er af dr. Péttri M. Jónassyni.

Fylgiskjal Péturs er skrifað sem upptalning á staðreyndum, en þar sem ekki er vitnað í heimildir og heimildalistinn sem fylgir skjalinu er afskaplega rýr eru þetta í flestum tilvikum aðeins órókstuddar fullyrðingar. Margar þeirra standast nánari skoðun, en í textanum er einnig mikið um atriði sem meira er gert úr en tilefni er til, skoðanir sem eiga sér veika vísindalega stoð og hreinar rangfærslur.

Of langt mál væri að telja upp öll þau atriði í fylgiskjalinu sem auðvelt er að hrekja eða sem orka tvímælis. Látum við því nægja að nefna eitt. Í kafla 11.3 stendur m.a.:

„Aukin niturmengun veldur auknum kísilþörungagróðri á botni. Hann myndar þykkar skánir og skapar hvítleiðar þörungaflyksur og slý meðfram ströndinni ásamt froðu. Nýlega (25. júlí 2004) sá Gunnar Steinn Jónsson þetta norðan Arnarfells en hann er sérfræðingur Umhverfisstofnunar og hefur skrifað doktorsritgerð um botnþörungna Þingvallavatns. Hugsanleg orsök: niturmengandi sitkagrenibreiddur á Hrafnagjárbarmi að Skógarkoti sem gefa frá sér 20-80 kg af hreinu nitri (N) á ha á ári samkvæmt dönskum rannsóknum eða allt að 4 tonnum á ári.“

Úr því niturstyrkur í Þingvallavatni er miðlægt viðfangsefni til verndunar þess, samkvæmt skoðun og skrifum Péturs², skyldi ætla að að einhver gögn þar að lútandi myndu birtast í bókinni „Þingvallavatn – Undraheimur í mótun“. Svo er þó ekki. Hins vegar er til sería gagna um styrk niturs og annarra næringarefna í Þingvallavatni sem ná marga áratugi aftur í tímann og allt til dagsins í dag³. Þau sýna enga breytingu á styrk niturs. Þegar síðan var haft samband við Dr. Gunnar Steinn Jónsson til þess að

¹ Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 295. mál á 131. löggjafarþingi (Þingskjal 322: <http://www.althingi.is/altxt/131/s/0322.html>)

² Dr. Pétur M. Jónasson. 2002. Höldum Þingvallavatni bláu og tæru. Í „Þingvallavatn – Undraheimur í mótun“, bls. 276-281.

³ Dr. Sigurður Reynir Gíslason, jarðefnafræðingur á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands Munnlegar upplýsingar í nóvember 2001.


fá staðfest hvort fyrrnefnd umsögn og ályktanir um orsakir þörungagróðurs hefðu verið rétt eftir honum hafðar, svaraði hann: „*Það sem er rétt eftir mér haft (í almennu samtali) er að ég hafi séð þörungagróður (kísilþörungur) losna af botni og reka á land. Aðrar hugleiðingar í textanum og að tengja það við mengun og tré er ekki eftir mér haft*“⁴.

Danskur sérfræðingur á sviði vatnsverndarmála og jarðefnafræði, Dr. Morten Ingerslev⁵, kom af fjöllum þegar hann var spurður eftir dönskum rannsóknum sem hefðu átt að hafa sýnt fram á að „niturmengandi sitkagrenibreiddur“ gefi af sér 20-80 kg af hreinu nitri á ári“ í Danmörku. Taldi hann Pétur fara hér með fleipur og rangfærslur. Þótt niturmengun grunnvatns sé vandamál víða í Danmörk, stafar sú mengun af iðnaði og þéttbærum landbúnaði en ekki af skógum né einstökum tegundum sígrænna trjáa. Þvert á móti er skógrækt markvisst notuð í Danmörku til þess að binda ofgnótt næringarefna og draga þar með úr mengun jarðvegs af næringarefnum og bæta hreinleika drykkjarvatns.


Með öðrum orðum og í mjög stuttu máli: Í rannsóknagögnum frá Þingvallavatni er ekkert það að finna sem bendir til þess að niturmengunar hafi þar orðið vart. Þaðan af síður liggja fyrir nokkrar fræðilegar forsendur til þess að álykta að tilvist sígrænna trjategunda á vatnasviði Þingvallavatns hafi breytt þar nokkru um eða muni breyta nokkru um styrk niturs í vatninu.

Skógrækt ríkisins leggst ekki gegn því að umrætt frumvarp verði að lögum, enda fara skógrækt og vatnsvernd afar vel saman. Hins vegar **hvetjum við eindreglð til þess að fylgiskjal Péturs Jónassonar verði fellt úr frumvarpinu** áður en það er samþykkt og þar með verði Alþingi forðað frá þeirri niðurlægingu sem það hefði í för með sér að skrifa undir svona bábylju.

Virðingarfyllt


Jón Loftsson
Skógræktarstjóri

Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson (sign.)
Forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Mógilsá


Dr. Þröstur Eysteinnsson
Forstöðumaður þróunarsviðs Skógræktar ríkisins

⁴ Rafrænt bréf Dr. Gunnars Steins Jónssonar til Aðalsteins Sigurgeirssonar, dags. 25. nóvember 2004.

⁵ Dr. Morten Ingerslev starfar við danska landbúnaðarháskólann (sjá: <http://www.sl.kvl.dk/OmSkovOgLandskab/Medarbejdere/moi.aspx>). Samkvæmt samtali við Aðalstein Sigurgeirsson í október 2001.

Alþingi
Erindi nr. P 131/719
komudagur 21.1 2005

Sveinbjörn Dagfinnsson, hrl.
Hvassaleiti 111
103 Reykjavík

Til Umhverfisnefndar Alþingis
b/t formanns, Guðlaugs Þórs Þórðarsonar

20/1 '05

Hið háa Alþingi hefur til meðferðar frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Að gefnu tilefni við umræður um frumvarpið og vegna þess sem segir í fylgiskjali I. með frumvarpinu, greinargerð Péturs M. Jónassonar, bls. 13, tölulið 7., 4. mgr., þar sem segir að samvinna líffræðinga og Landsvirkjunar hafi jafnað sveiflur vatnsborðs Þingvallavatns, knýr á þörf að koma á framfæri upplýsingum um baráttu bænda í Þingvallasveit til verndunar lífríkis Þingvallavatns og gróðurrikis með bökkum þess.

Við meðferð Þingvallavatns sem miðlunarlóns til raforkuvinnslu, hófst löng hnignunarsaga, sem bitnaði m.a. á því fólki sem átti fasta búsetu í Þingvallasveit og studdi afkomu sína að hluta með því sem vatnið gaf í veiði, bæði til sölu og eigin neyslu. Miklar vatnsborðsbreytingar, sem námu allt að 100 cm, voru heimilaðar af stjórnvöldum og leiddu af sér meira tjón en nokkurn hefur væntanlega órað fyrir. Rétt er að benda á að ákvarðanir voru aldrei bornar undir þá sem þekktu Þingvallavatn öðrum betur, það er bændurna á vatnsbökkunum. Meiriháttar jarðvegsskolun hófst úr bökkum vatnsins. Frjómoldin flaut á burt, án þess að aðrir gæfu því gaum en þeir sem við bakka vatnsins bjuggu. Mosi, víðir, birki, og annar gróður, sem áður skryddi bakka og hólma, flaut um vatnið og settist m.a. mjög í net bændanna, þannig að þau urðu gagnslaus eða gagnslítill veiðitæki. Allt lífríki vatnsins með bökkum og á grunnu vatni raskaðist, svo að silungaklak og uppvöxtur misförst í stórum stíl. Svo illa var komið um og eftir 1980 að sumir veiðibændur töldu ekki lengur rök til að stunda veiði, og rýrnaði afkoma þeirra samsvarandi.

Fulltrúar bændanna sneru sér á þeim tíma til Landsvirkjunar og kynntu hvernig málum væri komið. Meðal annars voru máttarvöldum vatnsmiðlunar sýnd net þéttsetin kvisti og margvíslegum gróðri.

Viðbrögð Landsvirkjunarmanna voru ítrekað þau að beina erindum til Péturs M. Jónassonar, hann væri að rannsaka vatnið og væri launaður til þess verks. Aldrei kom fram að það skilaði árangri, en dýrmætur og langur tími leið. Bændur hertu enn á kröfum sínum um viðbrögð af hálfu Landsvirkjunar í bréfi dags. 15. apríl, 1987, án þess að viðbrögð fengjust. Undirritaður sendi fyrir hönd bændanna Landsvirkjun bréf um sama efni dags. 20. desember, 1990. Í bréfinu var greint frá landsskemmdum af völdum hins breytilega vatnsborðs af mannavöldum. Umsagnir bænda þar að lútandi fylgdu, auk loftmyndar sem unnin var af Landmælingum Íslands, er sýndi eyðingu bakka og gróðurs á afmörkuðu svæði tímabilið 1951-1986. Auk þess var greint frá hrumi silungsveiði í vatninu skv. frásögn bænda. Bréf mitt sendi Landsvirkjun 3. janúar, 1991 til umsagnar Péturs M. Jónassonar. Svar hans barst í bréfi dags. 31. desember, 1991. Í því béli segir hann engar skemmdir af vatnsrofi sjáanlegar með bökkum vatnsins. Í svarbréfi hans segir einnig: "Vatnsborðsbreytingar í Þingvallavatni eru mjög litlar – nú 0.5 m – miðað

við önnur vötn, eins og Þórisvatn þar sem mismunur er 14 m. Vatnsborðsbreytingar á Norðurlöndum eru allt að 30 m.” Um áhrif vatnsborðsbreytinga á fiska segir m.a.: “áhrif á murtustofn hafa ekki verið sönnuð. Það er ekki útilokað að kuðungableikja hafi orðið fyrir áhrifum, því hún hrygnir grynna en murta. Ofveiði er þó sennilegri skýring”.

Bændur létu þessi “vísindi” ekki stöðva sókn sína í málinu. Stjórn veiðifélags Þingvallavatns og undirritaður fengu fund með yfirstjórn Landsvirkjunar 1992. Þar varð samkomulag um að draga sem mest úr vatnsborðsbreytingum af mannavöldum í Þingvallavatni og halda vatnsborðinu í 100.5 m yfir sjávarmáli +/- 5-10 cm. Landsvirkjun hefur að mestu staðið við samkomulagið síðan.

Þrátt fyrir aukna árvekni í náttúruverndarmálum síðustu áratugi stóð hnignunar- og hrakningasagan í og við Þingvallavatn raunalega lengi. Mörgum ráðamönnum þjóðarinnar hafði verið kynnt ástandið löngu áður en bændur náðu að semja við Landsvirkjun, en án árangurs. Bændur hafa engar bætur fengið fyrir tjón sitt og erfiðleika, en þeir sem enn þræuka fá vonandi að njóta árangurs af því að mál hafa snúist til betri vegar.


Að lokum er með bréfi þessu komið á framfæri efasemdum um að Þingvallavatn verði nokkurn tíma hluti af neysluvatnsforðabúri fyrir suðvesturland. Til þess að svo mætti verða er allt of mikið líf í vatninu, eins og lesa má í skýrslu Péturs M. Jónassonar. Auk þessa er mikið líf á Þingvallavatni, sem ekki er greint frá í skýrslunni. Sumarlangt má sjá víðsvegar um vatnið, með bökkum og djúpt úti, fjölda fuglategunda, sem þar sitja í breiðum. Má þar nefna fjölda andategunda, álftir, gæsir, svartbak, sílamáf, og fýl, svo nokkuð sé talið. Neysluvatn framtíðarinnar verður án efa, jafnt og nú, sótt í neðanjarðar lindir, þar sem mengun kemst ekki að.

Á bls. 17, 3.mgr. í greinargerð Péturs M. Jónassonar segir að aukist bílaumferð á Þingvallavæðinu muni það valda “verulegum spjöllum á lífríki Þingvallavatns og einu helsta vatnsforðabúri þjóðarinnar. Það gæti leitt til þess að svæðið yrði tekið af heimsminjaskrá UNESCO”.

Næsta ólíklegt má telja að sú tíð renni að affall Þingvallavatns verði nýtt til almennrar neyslu. Til slíks þyrfti m.a. kostnaðarsöm mannvirki og hreinsibúnað, en aðgangur annars staðar vís að neðanjarðarlindum, skili þær, sem nú er stuðst við ekki því magni sem í framtíð kann að verða þörf á, en engar marktækar áætlanir munu liggja fyrir þar að lútandi. Harla snúið virðist einnig að taka vatn úr aðstreymislindum Þingvallavatns til almennra nota. Til þess þyrfti þungaumferð og mannvirkjagerð innan þjóðgarðsins. Vatnsborð Þingvallavatns mundi breytast, lífríkið raskast og fleiri breytingar á umhverfi eiga sér stað. Skv. framanskráðu felst mikil þversögn í hugmyndum um verndun Þingvallavatns skv. sérlægum og hugmyndum um nýtingu vatnsins á almennum neyslumarkaði framtíðar.

Slíkt mundi væntanlega heldur ekki standast aðild svæðisins að heimsminjaskrá skv. aðvörun Péturs M. Jónassonar.

Með virðingu,


Sveinbjörn Dagfinnsson